



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

BA verkefni í myndlist

Greinargerð og ritgerð

Mio Storåsen Högnason

BA verkefni í myndlist – greinargerð og ritgerð

Leiðbeinandi: Heiða Björk Árnadóttir

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Vorönn 2021



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland Academy of the Arts

LEITIN AÐ OSTINUM

Mio Storåsen Högnason

BA verkefni í myndlist – greinargerð

**Leiðbeinendur BA verkefnis: Hekla Dögg Jónsdóttir, Ólöf Nordal og Páll Haukur
Björnsson**

Leiðbeinandi greinargerðar: Heiða Björk Árnadóttir

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Vorönn 2021

Greinargerð þessi fjallar stuttlega um 16 eininga lokaverkefni til BA-gráðu í myndlist við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita greinargerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

LEITIN AÐ OSTINUM

LEITIN AÐ OSTINUM er útskriftaverk mitt úr Listaháskóla Íslands og var sýnt á sýningunni *Af ásettu ráði* í Hafnarhúsinu, Listasafni Reykjavíkur 15. – 24. maí 2021. Hugmyndin að verkinu er sprottin úr algengri samlíkingu tunglsins við ost eins og hún birtist í sögum og ævintýrum. Mér reynist best að vinna með fyrirfram ákveðinn útgangspunkt og í þessu tilviki varð tunglið og hugmyndir um það fyrir valinu. Einnig má segja að upphafshugmyndin sé eins konar áframhaldandi samtal við útskriftarverk mitt úr Myndlistaskólanum í Reykjavík 2018. Það verk bar titilinn *Epli* (2018) og samanstóð af gull-spreyjuðu náttúrulegu epli á glærum plexigler-stöpli sem minnti þannig á svífandi hnött, sólina. Matvæli birtast í báðum verkum, þó á mismunandi hátt. Í verkum mínum nota ég oft sterka liti eða hversdagsímyndir sem flestir þekkja til að grípa auga áhorfandans. Verkin mín kunna í fyrstu að virðast yfirborðskennend en umfjöllunarefni þeirra eru alltaf sótt djúpt í persónulega reynslu.

Við undirbúning útskriftarverksins skoðaði ég alls kyns hugmyndir tengdar tunglinu. Úr þessari vinnu varð lokaniðurstaðan; risavaxinn, hringlaga ostur úr gul-lökkuðu frauðplasti og lítil, grá og bleik ryksugu-rotta sem ráfaði um sýningarýmið.¹ Hugrenningartengslin milli osts og rottu urðu til þegar ég var djúpt sokkinn í leit að tákmyndum tunglsins. Meðan ég velti fyrir mér hugmyndum um tunglið og skoðaði hluti sem mér þóttu eiga við, sá ég skýr tengsl milli ævintýrasagna sem líkja tunglinu við ost og kínverskrar stjörnufræði sem ákvarða ár rottunnar. Í mínum huga myndaðist þessi tenging milli tunglsins og kínverskrar stjörnuspeki vegna þess að hvort tveggja leiðir út í geim en aðallega vegna þess að gult tungl minnir á ost og kínverska stjörnuspekin tileinkar rottunni ákveðin ár. Þessi tengsl höfðu sérstaklega til mín þar sem ég hef verið að skoða notkun og birtingu matvæla í myndlist en ekki síður vegna þess að ég er fæddur árið 1996, á ári eldrottunnar í kínverskri stjörnuspeki.

Verkið var staðsett nærri miðjum A-sal í Hafnarhúsinu, á götuhæð. Þegar áhorfandi gekk inn í hráan steinsteyptan sýningarsalinn blöstu við alls kyns fjölbreytileg verk eftir ólíka útskriftarnemendur. Í mikilli andstöðu við rýmið og önnur verk í kring birtist risavaxinn, skærgulur, götóttur ostur. Þegar áhorfandi nálgast ostinn sá hann litla kringlóttu rottu á iði um rýmið. Rottan er gerð úr ryksugu-róbot sem gefur frá sér suðandi hljóð og er þakinn handsaumuðu áklæði í líki rottu.² Bæði osturinn og rottan hafa yfir sér fjörlegan brag í anda teiknimynda, með sterkum litum og stílfærðum formum.³ Titillinn *LEITIN AÐ*

¹ Sjá *Mynd 1* í viðhengi

² Sjá *Mynd 2* í viðhengi

³ Sjá *Mynd 3* í viðhengi

OSTINUM vísar í hið stöðuga ástand mannsins í leit að tilgangi lífsins. Osturinn stendur fyrir drauma og þrár einstaklingsins og er risavaxinn í hlutfalli við rottuna, sem ég tengi við eigin sjálfsmýnd. Hlutfallsleg stærð ostsins,⁴ í samanburði við rottuna,⁵ gefur hugmynd um að meira en nóg sé til.⁶ Þó svo að rottan næði ostinum gæti hún aldrei innbyrgt hann allan. Rottan hringsólar um sjálfa sig og eyðir orkunni í allt annað en að njóta ostsins. Hún leitar aftur og aftur í átt að ostinum en snýr alltaf frá í stað þess að takast á við hann. Ryksugan undir rottuklæðinu er stanslaust að vinna en nær samt engum árangri.⁷ Líta má á *LEITINA AÐ OSTINUM* sem eins konar sjálfsmýnd manns sem er í stanslausri leit að úppfylltum draumum. Þótt að úppfylling draumanna sé beint fyrir framan hann þorir hann ekki að takast á við þá og situr uppi með efasemdir um sjálfan sig og óttann við að mistakast. Þrátt fyrir öryggisleysið er sjálfur raunveruleikinn (úppfylling draumanna) ekki svo fjarri. Maðurinn þarf bara að leggja orkuna og tímann í að ná markmiðunum sínum en það eina sem heldur honum frá er eigin ímyndun og ranghugmyndir.

Listamaður reynir oft á tíðum að fanga eigin tilfinningar og líðan sem hann færir svo yfir í efnislegt myndlistarverk. Með ýmsum aðferðum og efnum getur hann tjáð sig á fjölbreyttan hátt og skapað nýtt samhengi milli hluta sem búa til ný sjónarhorn. Osturinn og rottan virðast kannski í fyrstu einungis fyndin og fjarstæðukennd samsetning en þegar kafað er dýpra standa þær fyrir dýpri og alvarlegri hugsun. Tilvistarkreppa og löngun einstaklings í þróuðum samfélögum nútímans felst ekki lengur í baráttu um mat og tækifæri, heldur hinu gagnstæða, andlegri vanlíðan og vangetu til að nýta þá fjölbreyttu möguleika sem eru fyrir hendi hvert sem litið er. Kreppan liggur í því að nútímamaðurinn hringsólar kringum sjálfan sig, eigin hugsanir og ímyndanir.⁸ Eðlileg afleiðing þessa er að listamaðurinn skilar af sér listaverki sem fjallar eingöngu um hann sjálfan. Það endurspeglar aftur á móti hinn sjálfhverfa nútíma.

⁴ Ostur: 65cm hæð og 180cm þvermál

⁵ Rotta: 8cm hæð og 34cm þvermál

⁶ Sjá *Mynd 4* í viðhengi

⁷ Ryksuguróbotinn er forritaður frá framleiðanda þannig að hann hreyfir sig um gólfíð og þegar hann rektst í fyrirstöðu snýr hann við. Hreyfing róbotsins virðist vera óregluleg sem bendir til öryggisleysi rottunnar.

⁸ Sjá sýningartexta í viðhengi

Sýningartexti

LEITIN AÐ OSTINUM

Rottan er í stöðugri leit að ostinum en finnur hann ekki, þó svo að osturinn sé risastór og beint fyrir framan hana.

Rottan lætur sig dreyma um ostinn en eyðir orkunni í allt annað; hringsólar um sjálfa sig. Hvers vegna?

THE SEARCH FOR CHEESE

A rat is in constant search for cheese but cannot find any, even though the cheese is huge and right in front of him.


The rat dreams about the cheese but wastes his energy on everything else; running in circles.

Why is that?

Myndaskrá



Mynd 1: *LEITIN AÐ OSTINUM*, 2021 eftir Mio Storásen Högnason
Stærð: ostur: 65cm hæð og 180cm þvermál, rotta: 8cm hæð og 24cm þvermál



Mynd 2: *LEITIN AÐ OSTINUM*, 2021 eftir Mio Storásen Högnason
Stærð: ostur: 65cm hæð og 180cm þvermál, rotta: 8cm hæð og 24cm þvermál



Mynd 3: *LEITIN AÐ OSTINUM*, 2021 eftir Mio Storåsen Högnason
Stærð: ostur: 65cm hæð og 180cm þvermál, rotta: 8cm hæð og 24cm þvermál



Mynd 4: *LEITIN AÐ OSTINUM*, 2021 eftir Mio Storåsen Högnason
Stærð: ostur: 65cm hæð og 180cm þvermál, rotta: 8cm hæð og 24cm þvermál



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts

Eigin myndlist í stærra samhengi

Samtal, leikur og hversdagshlutir

Mio Storásen Högnason

BA verkefni í myndlist – ritgerð

Leiðbeinandi: Heiða Björk Árnadóttir

Listaháskóli Íslands

Myndlistardeild

Vorönn 2021

Ritgerð þessi er 4 eininga lokaritgerð til BA-gráðu í myndlist við Listaháskóla Íslands. Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Útdráttur

Í eftirfarandi ritgerð fjalla ég um mína eigin listsköpun í samhengi myndlistarsögunnar og leitast við að finna tengingu milli verka minna og annarra listamanna. Lykilhugtök sem ég tek til umfjöllunar og nota til greiningar á verkum mínum eru „samtal“, „leikur“ og „hversdagshlutir“. Meðal þess sem ég fjalla um er sú grundvallarbreyting sem varð í hugsun og starfsemi myndlistarmanna og skilgreiningu myndlistar við sköpun „readymade“ verka franska dadaistans Marcel Duchamps úr fundnum hlutum og áhrif hennar á þróun myndlistar. Auk þess velti ég fyrir mér hvernig þessi útvíkkun listhugtaksins hefur mótað mína myndlist. Ég beini sjónum sérstaklega að nokkrum lykilaðferðum sem ég hef notast við í eigin verkum, einkum notkun fundinna hluta og lífræns efnis og matar, en jafnframt eignarnám (e. appropriation) og vísanir mínar í verk annarra listamanna. Í því samhengi fjalla ég sérstaklega um hvernig matur hefur verið notaður við listsköpun í gegnum tíðina og í hvaða tilgangi. Jafnframt velti ég fyrir mér hlutverki leiks og gríns í eigin verkum og ber saman við verk annarra listamanna. Lykilspurning sem ég velti fyrir mér varðar stöðu listamannsins í samfélagi nútímans og hvert hlutverk listamanna er. Skilgreining myndlistarhugtaksins hefur verið mér hugleikin í minni eigin sköpun og í ritgerðinni legg ég áherslu á samtalið sem á sér stað milli myndlistarmannsins, áhorfandans og samfélagsins, hvernig það mótar skilning okkar á myndlist og túlkun hennar. Auk þess að greina eigin verk og annarra listamanna styðst ég við ritaðar, fræðilegar heimildir og viðtöl við listamenn. Það er von mín að þessi ritgerð nýtist mér við gerð væntanlegs útskriftarverks úr Listaháskóla Íslands vorið 2021. Ég sé fyrir mér að ég muni vinna enn frekar úr hugtökunum og hugmyndunum sem teknar eru til umfjöllunar í þessari ritgerð.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Samtal: hugmynd og efni	2
Leikur: grín og hlutverk	7
Hversdagshlutir: fundið efni	11
Lokaorð	15
Heimildaskrá	16
Myndaskrá	19
Viðauki	21

Inngangur

Hver er staða listamannsins í samfélaginu og hvernig nær hann sambandi við umhverfið? Ég tel að við sköpun myndlistarverks sé listamaðurinn alltaf að leita eftir viðbrögðum hjá öðru fólki. Listamaðurinn reynir sitt besta til að fanga eigin tilfinningar og líðan sem hann færir svo yfir í efnislegt myndverk. Með ýmsum aðferðum og efnum getur listamaðurinn tjáð sig á fjölbreyttan hátt og skapað nýtt samhengi milli hluta sem búa til ný sjónarhorn. Listsköpun að mínu viti ætti alltaf að vera sönn, einlæg og sjálfri sér samkvæm. Það sem myndlistamaðurinn segir og gerir þarf samt ekki að vera hin endanlegi sannleikur lífsins en það sem má lesa úr listaverkinu er afstaða og líðan hans á þeirri stundu sem verkið varð til. Einnig má segja að verk sé ekki listaverk fyrr en það hefur hreyft hugafarslega eða tilfinningalega við einhverjum áhorfanda. Fyrir mér er afstaða listamannsins í sköpunarferlinu lykilatriði í skilgreiningu myndlistar, merkingu og túlkun listarverka. Til að átta mig betur á afstöðu minni þegar ég skapa spyr ég sjálfan mig yfirleitt: „Hvernig líður mér?“ „Hvað vil ég segja?“ „Hvaða viðbrögðum er ég að leitast eftir?“ „Hvaða miðill hentar best?“.

Í þessari ritgerð ætla ég að rannsaka og kafa dýpra í eigin myndlist. Ég byggi á hugmyndum um „samtal“, „leik“ og „hversdaghluti“ sem birtast reglulega í verkunum mínum og set þessi lykilhugtök í samhengi við verk annarra listamanna úr fortíð og samtíð. Jafnframt fjalla ég sérstaklega um nokkrar grundvallaraðferðir sem ég hef stuðst við í eigin listsköpun, einkum að nota mat sem efnivið, fundið efni eða hluti og eignarnám (e. appropriation). Ritgerðinni er ætlað að hjálpa mér að slípa til eigin skilning á listsköpun minni.

Samtal: hugmynd og efni

Sem listamaður reyni ég alltaf að ná bæði til þeirra sem búa að einhvers konar myndlistarmenntun en líka hinna sem þekkja minna til myndlistar. Ég gríp athygli þeirra með einhverju móti, svo sem sterkum litum eða hversdagsímyndum sem flestir þekkja, en einnig með einföldum uppstillingum „sem hver sem er gæti framkvæmt“. Til þess að ná athygli áhorfanda leitast ég við að skila af mér verki sem viðkomandi gæti tengt við. Ég trúir því að fólk endurspegli alltaf sjálf sig ósjálfrátt í því sem það sér eða heyrir. Vilji maður ná til víðari hóps áhorfenda þarf að hafa góðan skilning á fólki og samfélagslegum þáttum. Verkin mín skapa ég þó ekki fyrir áhorfandann heldur fyrst og fremst til að losa um eigin tilfinningar, en ég vona hins vegar að hjá áhorfandanum vakni sams konar tilfinningar sem við getum átt samtal í gegnum.

Í verkunum mínum eru yfirleitt fólgin einhvers konar tilvísun í önnur myndlistaverk úr listasögunni. Vitund um verk annarra, hvernig aðrir hafa tjáð sig á undan mér í gegnum sama miðil, er gríðarlega mikilvæg forsenda fyrir mína eigin sköpun. Aðgengi að myndlistarsögunni skiptir mig miklu máli til þess að ég geti vitnað í það sem áður hefur verið gert en líka til að geta bætt einhverju nýju við. Myndlistarsagan, sem er fortíðin, er þó ekki nema hluti af sköpunarferlinu, því ég nýti einnig áhrif úr nánasta umhverfi, frá fólki eða hlutum í nútíðinni. Þannig finnst mér ég vera í stöðugu samtali við aðra myndlistarmenn og samfélagið í kringum mig. Til að skýra þetta samtal fortíðar og nútíðar í verkum mínum langar mig að fjalla um útskriftarverkið mitt úr Myndlistaskólanum í Reykjavík, *Epli* (2018).

Epli er upphafið að meðvitaðri myndlistarsköpun minni. Verkið var sýnt á útskriftarsýningu í Myndlistaskólanum í Reykjavík í J.L. húsinu í maímánuði 2018. Fyrir sýninguna langaði mig að gera listaverk sem myndi vekja þau viðbrögð hjá mörgum að „þetta gæti ég nú alveg gert sjálfur!“ Á þessum tíma velti ég mikið fyrir mér hvað væri í rauninni myndlist og hvað fólk almennt teldi vera myndlist. Á sama tíma var mitt eigið viðhorf til myndlistar að þroskast og ég velti fyrir mér spurningum eins og: „Hvað er myndlistarverk?“, „er mikilvægt að listaverk sé tæknilega vel unnið?“ og „getur hver sem er skapað myndlist?“ Á grundvelli þessara spurninga ákvað ég að skapa verk sem væri auðvelt í uppstillingu. Mér leið eins og það myndi ögra hugmyndum hins almenna áhorfenda um hvað sé alvöru myndlist, en þær tel ég endurspegla mitt eigið fordómafulla viðhorf eins og það var. Ég man vel að mér þótti „sönn“ myndlist einungis vera frábærlega útfærð og frumsköpuð málverk og skúlptúrar sem sýndu fegurð.

Verkið sem til varð samanstendur af náttúrulegu epli sem ég húðaði með gullspreyi og stillti upp á frístandandi glæran plexigler stöpul sem stóð í miðju sýningarrýminu. Vegna áferðarinnar sem myndaðist af gullspreyinu og stöðu eplisins á plexigler stöplinum tók eplið á sig mynd svífandi sólar, jarðar eða plánetu.⁹ Á stöplinum er merkimiði sem er hluti verksins. Á miðanum eru upplýsingar um nafn höfundar, efni verksins, efnisgerð verksins, titill þess og ártal.¹⁰ Textinn í efnisnotkuninni er á sænsku, textinn í lýsingunni er á ensku og titillinn er á íslensku. Með þessu tengi ég verkið við íslenskan og sænskan uppruna minn og blanda saman við það tungumál sem er mest áberandi í listheimi samtímans, ensku.

Verkið mitt *Epli* er tilvísun í verk japönsku listakonunnar Yoko Ono, *Apple* (1966)/(1988). Mér þótti mikilvægt að útskriftarverkið mitt bæri í sér tilvísun í annað myndlistarverk úr listasögunni, bæði til þess að tengjast öðrum listamanni á undan mér og heiðra hann og til þess að staðsetja sjálfan mig í samhengi nútímalistasögu. Verk Ono, *Apple*, var fyrst sýnt í nútímalistasafninu (e. the Museum of Modern Art) í New York árið 1966. Verkið er náttúrulegt epli ofan á glærum plexigler stöpli og á honum er brons merking með textanum „APPLE“.¹¹ Eplið var látið standa á stöplinum, óbreytt, og skipt út með jöfnu millibili á meðan sýningunni stóð. Með þessu leitaðist Ono eftir að skapa spennu hjá áhorfendum yfir því hvort ætti að leyfa eplinu að skemmast eðlilega eða skipta því út.¹² Eplinu var ætlað að tákna tíma og hreyfingu sem birtist í niðurbroti þess. Á sýningaropnuninni varð hins vegar óvænt atvik þar sem tónlistarmaðurinn, John Lennon beit í eplið.¹³ Tuttugu og tveimur árum síðar, 1988, endurgerði Yoko Ono gömul verk eftir sig í seríunni *Bronze Age*. Serían var yfirlýsing Ono um níunda áratuginn þar sem hún steypiti nokkur helstu eldri verka sinna í brons, þar á meðal verkið *Apple*.¹⁴ Í bronsendurgerðinni *Apple* (1988) eru sjáanleg bitför.¹⁵ Augljóst er að Yoko Ono lítur á atvikið, þegar Lennon beit í eplið, sem hluta af hinu upprunalega verki.

Þótt margt sé mjög líkt með verkum okkar Yoko Ono er mikilvægur efnislegur munur á þeim. Í mínu verki er eplið gullhúðað en eplið í verkum Ono annars vegar ómeðhöndlað og hins vegar steypit í brons. Hugmyndafræðilegur grundvöllur verks míns, *Epli*, er sömuleiðis ólíkur

⁹ Sjá mynd 1 í viðauka.

¹⁰ Nafn höfundar: Míó Storåsen Högnason, efnisnotkun: Apple, lýsing: Apple, titill verksins: *Epli* og ártal: 2018.

¹¹ Sjá mynd 3 í viðauka.

¹² „Yoko Ono – This is just an apple.“ *Public Delivery*, 3. október 2017. <https://publicdelivery.org/yoko-ono-apple/>

¹³ Alan Clayson, Barb Jungr og Robb Johnson, *WOMAN: The Incredible Life Of Yoko Ono* (New Malden, Surrey: Chrome Dreams), bls. 56

¹⁴ Nell Beram og Carolyn Boriss-Krinsky, *Yoko Ono: Collector of Skies*, (New York: Abrams, 2013)

¹⁵ Sjá mynd 4 í viðauka.

verkum Ono. *Epli* fjallar um „upphafið“ og notkun táknmyndar gulleplisins í verkinu á rætur að rekja til persónulegra tengsla minna við sjálfan mig. Ég er skírður í höfuðið á aðalpersónu bókar sænska rithöfundarins Astrid Lindgren, *Elsku Míó minn*, sem kom fyrst út árið 1954. Í sögunni fær drengurinn Búi náttúrulegt epli frá kaupmanninum á horninu sem reynist svo vera gullepli. Í kjölfarið kemst Búi að því að hann heitir í rauninni Mio og er prins í Landinu í fjarskanum og ævintýrið hefst. Þar sem ég er skírður í höfuðið á aðalpersónu bókarinnar leit ég þannig á útskrift mína úr Myndlistaskólanum í Reykjavík að mitt eigið ævintýri væri að hefjast innan myndlistarinnar.

Áhugavert hefur verið að fylgjast með þróun verksins *Epli* frá fyrstu uppsetningu þess árið 2018 og sjá hvernig eplið hefur skroppið saman og tekið á sig nýja mynd.¹⁶ Þó að þessi efnislega umbreyting hafi ekki verið fyrirhuguð hefur hún reynst vera mikilvægur hluti verksins. Náttúrulega eplið, sem er einungis gullhúðað, hefur skroppið saman með tímanum eins og þurrkaður ávöxtur og gullskelin þannig umbreytt í formi, enda er eplið lífræn náttúruafurð sem brotnar niður með eðlilegum hætti. Þessi framvinda verksins finnst mér eiga vel við þar sem viðfangsefni þess er upphaf listferils og „upphafið“ eru tímamót en það sem kemur á eftir er stanslaus breyting. Til samanburðar varð þróun verks Yoko Ono, *Apple*, gjörólík. Hún, sem upprunarlega ætlaði að leyfa eplinu að brotna niður á náttúrligan hátt, breytti um stefnu við hinn örlagaríka atburð þegar John Lennon beit óvænt í eplið. Þegar Ono endurgerir verkið í brons, í varanlegu efni, ákveður hún að halda bitförunum og frystir þannig tímamót og hreyfinguna og atburðurinn um leið. Verkið verður þar með monumentalt. Þessi þversögn, að steypa forgengilegan matinn í brons sem endist von úr viti, leiðir hugann að því hvernig matur hefur verið notaður sem efniviður í myndlist.

Höggmyndum eða skúlptúr hefur um aldir verið ætlað það hlutverk að varðveita mynd hluta og persóna til framtíðar, jafnvel til eilífið. Höggmyndir til forna eru þannig tengdar tjáningu um hið varanlega, hið eilífa og algjöra í veröldinni.¹⁷ Þetta virðist augljóst þegar litið er á marmarahöggmyndir og bronsskúlptúra fyrri alda. Á þessum tíma, þegar myndlist var nátengd trúariðkun og hugmyndum manna um hið algjöra og eilífa, völdu menn helst varanleg efni eins og marmara og brons. Jafnframt var höggmyndum gjarnan ætlað að varðveita ímynd valdamikilla og áhrifamikilla einstaklinga til framtíðar. Í nútíma, eftir því sem trúin á hið algjöra hefur dvínað, hafa

¹⁶ Sjá mynd 2 í viðauka.

¹⁷ Rosalind Krauss, „Sculpture in the Expanded Field,“ í *The Anti-Aesthetic: Essays on Postmodern Culture*, Hal Foster ritstýrði, 31-44, (Port Townsend, Washington: Bay Press, 1983) bls.33.

myndlistarmenn tekið að nota fleiri efni, þar á meðal forgengileg, lífræn efni eins og mat, við gerð listaverka, oft beinlínis í þeim tilgangi að tákna hið hverfula og síbreytilega. Matur er á síðustu áratugum orðinn gildur tjáningarmiðill, en dæmi um listamenn sem notast hafa við matvæli í list eru m.a. Dieter Roth, Sigurður Guðmundsson, Maurizio Cattelan, Ólöf Nordal og margir fleiri.

Þýsk-svissneski listamaðurinn Dieter Roth er án efa einn þekktasti listamaðurinn sem unnið hefur með mat í myndlist. Fyrsta verk Roth með tilvísun í mat er bókarpylsan, *Literaturwurst* frá árinu 1961 sem gerð er úr pappírblöðum og bókum sem Dieter líkaði ekki við.¹⁸ Út frá þessari hugmynd um bókarpylsuna gerði Roth alls kyns tilraunir með matarnotkun í verkum sínum.¹⁹ Næstu árin á eftir rannsaði Roth breytingarnar sem urðu við niðurbrot hins lífræna efnis og átti þessi notkun á matvælum eftir að verða einkennandi fyrir listsköpun hans.²⁰ Með þessu vildi Dieter Roth leggja áherslu á hið hverfula og að skapa listaverk sem eyðist.²¹ Einnig mætti líta svo á að Roth væri að gagnrýna listamarkaðinn, þar sem enginn gæti keypt eða átt verkin hans til frambúðar.

Sigurður Guðmundsson var hluti SÚM hópsins á Íslandi sem var stofnaður árið 1965 og alþjóðlegu Flúxus hreyfingarinnar (sem Yoko Ono og Dieter Roth tilheyrðu einnig) sem hófst við upphaf sjöunda áratugarins.²² Flúxus listamenn leituðu nýrra tjáningarmáta innan listarinnar með leikgleði og efnivið úr nánasta umhverfi, oft lífrænum, og skilgreindu verk sín sem „and-list“.²³ Í verkum Sigurðar frá SÚM árunum er oft mikill húmor og notast hann gjarnan við matvæli, svo sem í verkinu *Mountain* (1982). Verkið er sambland af gjörningi og skúlptúr. Lifandi skúlptúrin myndar útlínur af fjalli og samanstendur af skóm, brauði, bókum, torfi, grjóti og Sigurði sjálfum.²⁴

Ítalski listamaðurinn Maurizio Cattelan er helst þekktur fyrir að gagnrýna listheiminn og samfélagið með myndlist sinni. Verk Cattelan vekja oft upp umræður og sterk viðbrögð hjá fólki einkum þegar umfjöllunarefni hans eru tilfinningalega viðkvæmar almennar táknmyndir.²⁵

¹⁸ Sjá mynd 5 í viðauka.

¹⁹ Dieter Roth, *Roth Time: a Dieter Roth retrospective*, (The Museum of Modern Art, 2004) bls. 6.

²⁰ Roth, *Roth Time*, bls. 3.

²¹ „Eat Art: Joseph Beuys, Dieter Roth, Sonja Alhäuser.“ *Harvard Art Museum*, 4. október 2001.

<https://harvardartmuseums.org/exhibitions/2564/eat-art-joseph-beuys-dieter-roth-sonja-alhauser>

²² Þórey Sif Brink. *Sigurður Guðmundsson: Sviðsetningar og textar í ljósmyndaverkinu Situations*. Reykjavík: Háskóli Íslands, janúar 2015. bls.10 <https://skemman.is/bitstream/1946/20384/1/BA%20%C3%9E%C3%B3rey.pdf>

²³ H. H Arnason, *History of Modern Art*, 5. útg, (New York: Harry N. Abrams), 1983.bl. 663

²⁴ Sjá mynd 6 í viðauka.

²⁵ Uta Grosenick og Burkhard Reimschneider, *ART NOW: Artists at the Rise of the New Millennium*, (Taschen, 1991) bls.60

Nýlegt verk eftir Maurizio Cattelan, sem ég heillast af, er *Comedian* (2019).²⁶ Verkið samanstendur af náttúrulegum banana sem er festur upp á vegg með silfrúðu límbandi og var sýnt í virtu sýningarými, Art Basel Miami, í desembermánuði 2019.²⁷ Verk Cattelan, *Comedian*, vekur óneitanlega upp spurninguna „er þetta listaverk?“ Það fer eftir samhenginu. Ef ég tæki banana úr vasanum núna og límði hann við vegginn heima hjá mér liti ég ekki á það sem listaverk heldur eftirhermu, því að hugmyndin hefur nú þegar verið framkvæmd í listrænu samhengi og verkið, gjörningur Cattelan, hreyft við áhorfendum. Í verkinu, *Comedian*, lítur Cattelan á sjálfan sig sem uppistandara í listheiminum við þann gjörning að bera fram banana á virtri listasýningu meðvitaður um að verkið gæti selst.²⁸ Hér nýtir Cattelan hversdagshlut úr nánasta umhverfi, bananann, og setur hann í nýtt samhengi, í listagallerí. Ég túlka verkið sem svo að Cattelan sé að segja „þetta er banani“ í andstöðu við frægt málverk René Magritte *Ceci n'est pas une pipe* (1929) eða „Þetta er ekki pípa“.²⁹ Þessa túlkun á banana tók einn sýningargesta, David Datuna, mjög bókstaflega þegar hann hrifsaði verkið af veggnum og framdi sinn eigin gjörning, *Hungry Artist* (2019), þar sem hann át bananann.³⁰ Í *Comedian* er Maurizio Cattelan í nánú samtali við listheiminn, auk þess sem verk hans gagnrýnir þá peningahyggju og kaupmennsku sem hefur þrengt sér inn í listirnar. Skírskotanir verkanna sem hér hafa verið til umræðu eru skýr dæmi um hvernig listin hefur verið notuð til að tjá skoðanir í gegnum matvæli og leik.

²⁶ Sjá mynd 7 í viðauka.

²⁷ Sarah Cascone, „Maurizio Cattelan Is Taping Bananas to a Wall at Art Basel Miami Beach and Selling Them for \$120,000 Each“ *Artnet News*, 4. desember 2019. <https://news.artnet.com/market/maurizio-cattelan-banana-art-basel-miami-beach-1722516>

²⁸ Sebastian Smee, „Don't ask if the duct-tape banana is art. Ask if it's any good,“ *The Washington Post*, 12. desember 2019. https://www.washingtonpost.com/entertainment/museums/dont-ask-if-the-duct-tape-banana-is-art-ask-if-its-any-good/2019/12/12/87501392-1c5c-11ea-b4c1-fd0d91b60d9e_story.html

²⁹ Sjá mynd 8 í viðauka.

³⁰ Jordan Hoffman, „‘It is something deeper’: David Datuna on why he ate the \$120,000 banana,“ *The Guardian*, 11. desember 2019. <https://www.theguardian.com/artanddesign/2019/dec/11/david-datuna-120000-banana-interview-art-basel-miami>

Leikur: grín og hlutverk

Í flestum verkum mínum felst einhvers konar leikur. Hann getur til dæmis birst í orðagríni, kröfu um þátttöku eða stríðni þar sem þolinmæði áhorfenda er þanin til hins ýtrasta. Með þessu reyni ég að fanga athygli. Engu að síður geta verkin og umfjöllunarefni þeirra verið alvarleg. Það er hluti af eðli manna að leika sér, sérstaklega listamanna. Pablo Picasso sagði: „Öll börn eru listamenn. Vandinn er hvernig maður helst listamaður þegar maður vex úr grasi“.³¹ Hér má segja að Picasso sé að benda manni á að varðveita barnið innra með sér – og það gerir hann með leik. Meistari í því var þó Marcel Duchamp, en leikur og grín birtist víða í verkum hans.

Marcel Duchamp er eitt þekktasta nafn nútímamyndlistar og verk hans hafa haft mikil áhrif á þróun myndlistar frá upphafi tuttugustu aldar til samtímans. Myndlist Duchamp einkennist helst af notkun og leik með hversdagshluti, eins og má sjá í verkunum *In Advance of the Broken Arm* (1915), *Fountain* (1917) og *L.H.O.O.Q.* (1919).³² Þessi þekktu verk Duchamp bera augljóslega með sér grín og leik. *In Advance of the Broken Arm* er venjuleg snjóskófla, en með titlinum vísar Duchamp í tvíræðni þar sem hann líkir henni við framlengingu mannslíkamanns og bendir um leið á kaldhæðin hátt til þess að skóflan sé óvirk.³³ Verkið *Fountain* er ótengd þvagskál sem liggur útaf, en titillinn vísar í gosbrunn.³⁴ Titlar þessara verka veita hlutunum nýtt hlutverk og gera þá þar með að listaverkum. Verkið *L.H.O.O.Q.* samanstendur af póstkorti af þekktu málverki Leonardo da Vinci, Mónu Lísu, sem Duchamp hefur umbreytt með því að krotta skegg á andlit hennar.³⁵ Einnig er í titlinum fólgin tvíræður brandari sem felst í hröðum hljóðlestri stafarunnar *L.H.O.O.Q.* sem hljómar eins og „hún er með flottan rass“ á frönsku, „elle a chaud au cul“.³⁶ Í nokkrum minna verka má finna samskonar leikaraskap, m.a. í verkunum *The Artist*, *Vandaður vöndur* og *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal*, sem öll eru frá árinu 2020.

The Artist (2020) er gjörningur þar sem ég klæddist hvítri skyrtu og gallabuxum og sat á klappstól fyrir framan málaratrönnur, en á þeim var hvítur tómur strigi.³⁷ Ég hélt á þurrum pensli í annarri hendi og fullu rauðvínsglasi í hinni með sígarettupakka í skyrtuvasanum (þó ég reyki hvorki né drekki). Í þessu gervi listamannsins sat ég, augljóslega þungt hugsji yfir því hvað skyldi

³¹ Aliyah, *Quotes Book: Quotes by Pablo Picasso* (Amazon Kindle) 15. desember 2019.

³² Bert Jansen, *More About Duchamp's Wordplay*, 2016. DOI:10.18352/relief.924.

³³ Sjá mynd 9 í viðauka.

³⁴ Sjá mynd 10 í viðauka.

³⁵ Sjá mynd 11 í viðauka.

³⁶ Janis Mink. *Duchamp*, (Köln: Taschen) 2013. bls. 63

³⁷ Sjá mynd 12 í viðauka.

mála. Reglulega stóð ég upp og nálgadist strigann með penslinn á lofti, tilbúinn að hefjasta handa við málverkið en hætti svo við og hlunkaðist aftur á stólinn með háfleygan efasemdarsvip, kveikti mér í sígarettu og innblásturinn hvarf út í loftið. Þessa runu endurtók ég í rúmar tvær klukkustundir eða þar til sígarettupakkinn kláraðist. Hugmyndin að verkinu spratt af vangaveltum mínum um listamann fyrri tíma, ímynd hans og hina karllægu hugmynd um snillinginn (e. male genius).³⁸ Í þessum gjörningi felst töluverð kaldhæðni og leikur sem krefst bæði þolinmæði flytjanda og áhorfenda. Gjörningurinn vísar jafnframt í og byggir á meðvitund um stöðu mína í samfélaginu, sem hvítur karlkyns listamaður.

Vandaður vöndur (2020) er litríkur heimagerður blómvöndur úr fimm gerviblómum. Vöndurinn eru samansettur úr gulum og rauðum kastpílufjöðrum, límdum á grænmáluð prik.³⁹ Verkið varð til í flýti og er frekar flausturlegt. Þess vegna þótti mér fyndið að titla það *Vandaður vöndur*. Titillinn er einnig orðagrín sem vísar í merkimiða blómvanda á bensínstöðvum þar sem stendur yfirleitt „blandaður vöndur“. Táknmyndir kastpíllunnar og blómvandarins vísa í tvær andstæðar hugmyndir um karlmennsku. Ég umbreyti kastpílunum, sem eru hin fallíska og karllæga karlmennska, yfir í blómvönd sem stendur fyrir hina blíðu og einlægu karlmennsku. Blómi er stungið í byssuhlaup. Leikurinn í verkinu birtist í orðagríni titilsins ásamt því að skella í flýti saman óskyldum hlutum sem mynda blómvönd. Hér eins og í *The Artist* tjái ég skoðun mína á karlmennskuhugtakinu með leik. Síðasta verkið sem ég fjalla um til að draga betur fram tengsl leiksins við hin lykilhugtökin, „samtal“ og „hversdagshlutir,“ er verkið *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal*.

Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal (2020) er hugmyndaverk þar sem kjarninn liggur í misræmi milli áþreifanlegs efnis og titils verksins. Verkið er fremur einfalt, enda hef ég gaman að því að sýna verk „sem allir geta gert“. Það samanstendur af glærum bolla barmafullum af bráðnu grænkeru (e. vegan) súkkulaði. Titilinum er ætlað að heiðra annan myndlistarmann – íslensku listakonuna Ólöfu Nordal – og vekja athygli áhorfandans á verkum hennar. Titillinn er létt grín en hann vísar bæði í líkamshluta karlmanns og spörfugl sem í fljótu bragði virðast ekkert hafa með súkkulaði eða Ólöfu Nordal að gera. Tengslin milli efnisins og titilsins liggja kannski ekki í augum uppi nema áhorfandi þekki myndlistarsöguna og listamanninn sem er vísað í. Bollinn í verkinu er

³⁸ Linda Nochlin, "Why Have There Been No Great Women Artists?," í *Women, Art, and Power and Other Essays* (Boulder: Icon, 1988), bls. 145-178.

³⁹ Sjá mynd 13 í viðauka.

gestaboli, fenginn á opunarsýningu þriðja árs nema myndlistardeildar Listaháskóla Íslands og á honum er ígreipt mynstur með vínberjum og laufum (sem minnir mig á myndefni listaverka Endurreisnarinnar). Súkkulaðið sem fyllir bollann var tekið úr verkinu *Corpus dulcis* (1998) af sýningu Ólafar Nordal *Úngl* á Kjarvalsstöðum árið 2019-2020, en þar mátti einnig sjá alls kyns fuglamyndir eftir hana.⁴⁰ *Corpus dulcis* er súkkulaðið í stórri skál sem líkjast brotum úr marmarastyttu.⁴¹ Verkið er fyrir sitt leyti tilvísun í marmarastyttur Endurreisnartímans eins og má sjá á formi súkkulaðibrotanna.⁴² Úr verki Ólafar hirti ég tvö brot, annað þeirra eins og tá, en hitt eins og typpi. Stuttu síðar var ég í kaffiboði þar sem boðið var upp á rjúkandi kaffi og ég sagði gestum frá því að ég hefði hirt súkkulaði úr sýningu Ólafar Nordal, *Úngl*. Í miðri samræðu þegar fólkið í kringum mig sötraði kaffið, rann upp fyrir mér samhengi súkkulaðisins og bollans sem ég hafði tekið frá og geymt. Mér datt þá í hug að bræða súkkulaði Ólafar í glæra bollann og gera þannig heitan súkkulaðidrykk sem yrði næsti skúlptúrin minn. Titillinn spratt beint upp úr þessum hugrenningum og það kom ekkert annað til greina en að kalla verkið *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal*.

Greina má ákveðna hliðstæðu í verki mínu og verki bandaríska listamannsins Robert Rauschenberg, *Erased de Kooning Drawing* frá árinu 1953.⁴³ Fyrir verkið *Erased de Kooning Drawing* fékk Rauschenberg teikningu frá bandaríska listmálaranum Willem de Kooning, sem var þá þegar mikils metinn listamaður og meðal áhrifamestu listamanna abstrakt expressjónismans, ásamt Jackson Pollock og Franz Kline.⁴⁴ Með leyfi de Kooning varði Rauschenberg löngum stundum í að stroka út teikninguna. Lykilatriði fyrir Rauschenberg var að upprunarlega teikningin kæmi frá öðrum listamanni til að undirstrika að hið nýja verk hans fælist í eyðingunni. Rauschenberg endurskilgreinir listaverkið sem afurð eyðingar frekar en sköpunar.⁴⁵ Hér má líta svo á að Rauschenberg sé í samtali við de Kooning og heiðri hann sem virtan listamann á undan sér. Hið sama má segja um verk mitt *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal*, þar sem ég bræði súkkulaði úr verki Ólafar og skapa um leið nýjan skúlptúr með eyðingu og formbreytingu.

⁴⁰ Guðrún Sóley Gestsdóttir, „Torf, vaxmyndir og endurreisnarmaður úr súkkulaði,“ *RÚV*, 23. nóvember 2019. <https://www.ruv.is/frett/torf-vaxmyndir-og-endurreisnarmadur-ur-sukkuladi>

⁴¹ Sjá mynd 14 í viðauka.

⁴² Sjá mynd 15 í viðauka.

⁴³ Sjá mynd 16 í viðauka.

⁴⁴ Höfundur óþekktur, „Willem de Kooning,“ *Artsy*. <https://www.artsy.net/artist/willem-de-kooning>

⁴⁵ Abigail Cain, „Why Robert Rauschenberg Erased a de Kooning,“ *Artsy*, 17. júlí 2017. <https://www.artsy.net/article/artsy-editorial-robert-rauschenberg-erased-de-kooning>

Með verkinu mínu vildi ég skapa samtal og tengsl í gegnum myndlistina. Verk Ólafar er tilvísun í marmarastyttur, úr varanlegu efni, sem er fortíð myndlistarinnar. Hún skapar svo nútímaskúlptúr, *Corpus dulcis*, úr súkkulaði, sem er forgengilegt efni. Síðan tek ég súkkulaði úr verki Ólafar og bræði það í „endurreisnarbollann“. Þannig birtast þrjú þrep í myndlistarsögunni: endurreisnarstyttur > *Corpus dulcis* (1998) > *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal* (2020). Gaman væri að ímynda sér fjórða þrepið, þar sem einhver myndi innbyrða skúlptúrinn minn, heita súkkulaðibollann, líkt og gerðist í verki Yoko Ono *Apple* og verki Maurizio Cattelan, *Comedian*. Þannig má greina í verkinu *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal* öll þau þrjú lykilatriði myndlistar minnar sem ég skilgreini hér að framan: „samtal“, „leik“ og „hversdagshluti“. Samtalið á sér stað í tilvísunum mínum í myndlist Ólafar og vísunum hennar í myndlist fortíðar. Titillinn er orðaleikur. Glæri bollinn og heita súkkulaðið sem fyllir hann eru fundin efni, hversdagshlutir úr nánasta umhverfi.

Hversdagshlutir: fundið efni

Fundið efni finnur sér oft leið inn í listsköpun mína. Þegar ég sé eitthvað sem talar til mín, vekur það sérstaka tilfinningu sem ég kalla „sköpunarfiðring“. Tilfinningin er eins og kitl í magann og hún kveikir löngun til sköpunar. Ég tek þá hlutinn sem ég heillast af og geymi hann í geymslurými sem ég kalla „sköpunarkistu“. Þar fá hlutirnir að dvelja þar til að ég átta mig á tengslunum milli þeirra. Sköpunarkistan geymir bæði fundna efnislega hluti, sem ég hef ekki búið til sjálfur, og einnig eigin skissur og hugmyndir. Þegar tíminn er réttur gríp ég til hlutanna sem ég hef haldið til haga og set þá í nýtt samhengi, í nýju rými. Meðan vinnuferlið stendur yfir er algengast að hluturinn, eða efniviðurinn, komi fyrst til mín og svo fari ég að vinna út frá þeim forsendum. Stundum kemur samt fyrir að ég vinni verk út frá fyrirfram ákveðnum titli, annaðhvort aðfengnum eða frumsköpuðum.

Á fyrri hluta tuttugustu aldar fóru listamenn að nota fundna hluti úr nánasta umhverfi í myndlistarverkum sínum, svo sem Pablo Picasso, Marcel Duchamp og fleiri. Picasso notaði meðal annars dagblöð og eldspýtustokka sem efnivið í kúbísk klippimyndaverk sín um 1912.⁴⁶ Stuttu síðar tók Duchamp hins vegar að nýta fundna hlutina nærri því óbreytta og bjó um leið til nýtt listhugtak, „fundnir hlutir“ (e. ready-made).⁴⁷ Fyrsta verk af því tagi er talið vera *Bicycle Wheel* sem Marcel Duchamp gerði árið 1913. Verkið er viðarkollur og á setuna er fest reiðhjólslagjörð.⁴⁸ Við gerð verksins er Duchamp einfaldlega að skemmta sér heima með því að setja saman tvo nytjahluti.⁴⁹ Með samsetningunni afnemur Duchamp notagildi hvors hlutar fyrir sig. Hinn nýi samsetti hlutur, reiðhjólslagjörð á trékoli, hefur þá fengið nýtt gildi sem listaverk. Með öðrum orðum eru hversdagslegir nytjahlutir búnir að taka á sig hlutverk listaverks sem veitir ánægju en þjóna ekki sínum upprunalegum tilgangi.⁵⁰ Með þessu endurskilgreinir Duchamp raunverulega hlutverk listamannsins. Hlutverk listamannsins er ekki lengur að móta efniviðinn með eigin höndum heldur velur listamaðurinn hlut eða hluti úr umhverfinu, jafnvel sem aðrir hafa búið til, tekur þá úr upprunalegri notkun og setur í nýtt samhengi sem hreyfir við áhorfanda, bæði vitsmunalega og tilfinningalega. Þar með er hluturinn orðinn gjaldgengt listaverk. Óhætt er að

⁴⁶ „Found Object,“ *Tate*. <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/f/found-object>

⁴⁷ „Found Object,“ *Tate*. <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/f/found-object>

⁴⁸ Sjá mynd 17 í viðauka.

⁴⁹ Calvin Tomkins, *Duchamp: A Biography*, 2. útg. (New York: Henry Holt and Company Inc.) 1998. bls. 135

⁵⁰ „Ready-made,“ *Tate*. <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/r/readymade>

fullyrða að þessi litla smíði Duchamps árið 1913 hafi víkkað listahugtakið og haft djúptæk og umturnandi áhrif á listhugsun manna alla tíð síðan. Fjöldi erlendra og íslenskra samtímalistamanna notast við hversdagshluti og fundin efni, svo sem íslenska listakonan Hildigunnur Birgisdóttir og hin finnska Kaarina Kaikkonen.⁵¹ Þekktasti nútímalistamaðurinn sem notast hefur við fundna hluti í verkum sínum er hins vegar Bandaríkjamaðurinn Jeff Koons.

Meðal verka Jeff Koons eru skúlptúrar sem unnir eru úr bronzi (varanlegt efni) en mótaðir eins og þeir séu uppblásnar blöðrur (hverfult efni).⁵² Með því afnemur Koons hugmyndir um upprunarlegt notagildi blöðrunnar og segja má að hann beiti hugmyndafræði ready-made á nýjan hátt. Í eldri verkum Koons, frá níunda og tíunda áratugnum, *New Hoover Convertibles*, *Green, Red, Brown, New Shelton Wet/Dry 10 Gallon Displaced Doubledecker* (1981-7) og *Encased - Four Rows* (1983-93) notaði hann hversdaglega nytjahluti – ryksugur og körfubolta – og rammaði þá inn í glerkassa, sem einangrar hlutina frá venjulegri virkni þeirra.⁵³ Þannig lætur Koons eingöngu form og áferð hlutanna virka á áhorfendur og skilgreinir hlutina þar með sem listaverk. Koons byggir augljóslega á hugmyndum Duchamp um „ready-made“ en útvíkkar þær.⁵⁴

Fyrsta tilraun mín með notkun fundins efniviðar, hversdagshluta úr umhverfinu, í myndlist er verkið *Bless Bless* (2018). Verkið er innsetning, sex metra lengja af gömlum fötum sem bundin eru saman og hanga út um glugga JL húsinns.⁵⁵ *One day you 'll be okay, I promise* (2020) er nýlegra verk. Ég saumaði saman notuð föt í eins konar bútasaumsteppi sem ég festi innan í burðargrind og myndaði með því helli eða teppahús, til að skapa öryggistilfinningu.⁵⁶ Verkið var sýnt í sýningarsal Listaháskóla Íslands í Naflanum í nóvembermánuði 2020. Annað verk með fundnum hlutum er *Íslendingar elska SS* (2019), en það er talsvert ólíkt fyrrnefndum verkum mínum.

⁵¹ Hildigunnur Birgisdóttir rannsakar flókin kerfi á heimspækilegum nótum og skoðar tengsl manns og listar við hversdagshlutina í umhverfinu. Á sýningunni *Universal Sugar* árið 2019 nýtti hún hversdagshluti úr eigin neyslu, sem hún hirti í stað þess að henda, og raðaði saman á óvæntan hátt. Sjá:

<https://ljosasabar.nylo.is/collections/hildigunnur-birgisdottir>; <https://www.ruv.is/frett/fanytir-hversdagshlutir-eda-fokdyr-listaverk>. Kaarina Kaikkonen er framúrskarandi finnskur listamaður. Hún gerir mikilfenglega skúlptúra og innsetningar úr gömlum fatnaði í samhljómi við arkitektúr umhverfisins. Einkenni listsköpunnar hennar, frá á níunda áratugnum, felast í þessari notkun á fatnaði sem efnivið. Titlar verkanna vekja einnig hugrenningar um hreyfingu og tengsl milli fortíðar og framtíðar. Sjá: <https://kaarinakaikkonen.fi/about>; <https://www.thisiscollossal.com/2019/02/upcycled-sculptures-by-kaarina-kaikkonen/>. Sjálfur hef ég notast við endurnýtt föt í verkum hjá mér eins og *One day you 'll be okay, I promise* og *Bless Bless*.

⁵² Sjá mynd 18 í viðauka.

⁵³ Sjá myndir 19 og 20 í viðauka.

⁵⁴ *ARTIST ROOM: Jeff Koons Resource Pack* (Tate, 2008) bls.8

⁵⁵ Sjá mynd 21 í viðauka.

⁵⁶ Sjá myndir 22 og 23 í viðauka.

Íslendingar elska SS er staðbundin innsetning sem var sýnd í gamla anddyri Laugardalslaugar. Þemað var minni/minningar, fortíðarkennd og auglýsingaaðferðir. Verkið var unnið út frá hugmyndinni um „pulsmyndlist“. Hugtakið pulsumyndlist er mín eigin smíði en það lýsir þeirri hugmynd að allir myndlistamenn skapi einhvern tímann á ævinni listaverk sem tengist pulsu.⁵⁷ Þar sem þemað í verkinu var minni og sýningarýmið sundstaður lá beint við að nota gamalt auglýsingaskilti um pulsar sem ég átti geymt í „sköpunarkistunni“, en það er vel þekktur íslenskur siður að fá sér pulsar eftir sund. Fyrir mér voru þetta skilaboð um að minn tími væri kominn til að gera pulsuverk. Verkið er samsett úr fundu efni: auglýsingaskilti, hljóðverki og potti með heitu pulsuþóði.⁵⁸ Bæði skiltið og hljóðið eru úr auglýsingaherferð Sláturfélag Suðurlands frá tíunda áratug tuttugustu aldar og vekur hvort tveggja mikla fortíðarkennd. Hljóðverkið er samklippa úr stafi Sláturfélagsins sem flestir þekkja.⁵⁹

„SS pylsur, gott að smakka, gott að smakka,
SS pylsur, gott að smakka ó já!
SS pylsur, sjálfsgaður réttur allra!“

Í stað þess að endurtaka hljóðið eins og vanalega er gert, klippti ég það þannig að einungis fyrstu tvær línurnar spiluðust aftur og aftur. Með þessu er byggð upp spenna, pirringur og tilfinning um heilapvott. Ásamt skiltinu og hljóðinu notaði ég lykt úr pulsupottinum. Innsetningin höfðar þannig til sjónar, heyrnar- og lyktarskyns, en eitt aðalskynfærið sem virkjar fortíðarkennd er lyktarskynið, eins og Dieter Roth hefur sagt.⁶⁰ Í verkinu beiti ég ágengum aðferðum auglýsingatækninnar til þess að fanga athygli með myndlistinni, þótt ég sé í grunninn á móti auglýsingum og líti á þær sem heilapvott.⁶¹ Titillinn *Íslendingar elska SS* er leikur að gömlu slagorði Sláturfélagsins „Íslendingar borða SS pylsur“, en hefur líka skírskotun í sögulegan styrjaldarhrylling tuttugustu aldar.⁶² Í *Íslendingar elska SS* tek ég auglýsingu Sláturfélags Suðurlands eignarnámi, rétt eins og ég eignaði mér hluta úr verki Ólafar Nordal í *Tása og tittlingur eftir Ólöfu Nordal*.

⁵⁷ Nokkur verk sem listamenn hafa notast við pulsu eru: Paul McCarthy í *Hot Dog* (1974), Roy Lichtenstein í *Hot dog* (1964), Steinunn Gunnlaugsdóttir í *Litla hafpulsan* (2018) og Jeff Koons í *Arousing Curiosity* (2011).

⁵⁸ Sjá mynd 24 í viðauka.

⁵⁹ „Auglýsing: SS Pylsur teiknaðar (Sláturfélag Suðurlands).“ Myndband, 0:22.

https://www.youtube.com/watch?v=-If3OVZvUxk&ab_channel=Barnat%C3%ADminn

⁶⁰ Roth, *Roth Time*, bls. 4

⁶¹ *ARTIST ROOM: Jeff Koons*, bls. 10

⁶² „SS pylsan, saga,“ SS. <https://www.ss.is/vorur/ss-pylsan/>

Eignarnám í myndlist felst í að nýta þegar gerðan hlut eða listaverk sem annar hefur skapað, nánast óbreyttan, sem efnivið í eigið verk.⁶³ Hér rifjast upp verkið *L.H.O.O.Q.* (1919) eftir Marcel Duchamp, skeggjakrot í andliti Mónu Lísu, sem má segja að sé eitt fyrsta eignarnámsverkið. Bandaríski kvenlistamaðurinn Sherrie Levine þælir sérstaklega í eignarrétti.⁶⁴ Í verki sínu *After Walker Evans:4* (1981) myndar hún ljósmynd Evans og ber það fram sem eigið listaverk.⁶⁵ Annar þekktur og umdeildur listamaður sem fengist hefur við eignarnám er bandaríski listamaðurinn Richard Prince. Í verkinu *Untitled (cowboy)* (1989) tók Prince auglýsingu um Marlboro sígarettur – ljósmynd af kúreka á hesti – klippti hana til og dró þannig fram karlmennskuímyndina.⁶⁶ Eitt umdeildasta verk Prince er þó líklega ljósmyndaserían *New Portraits* (2014). Hún samanstendur af útprentuðum fundnum andlitsmyndum af margvíslegu fólki sem teknar eru beint af samfélagsmiðlinum Instagram.⁶⁷

Í verkinu *Jimmy, Jimmy, Jimmy. Jimmy, Jimmy, Kill me* (2018) notast ég við eignarnámsaðferðina. Verkið er innsetning úr fundnu efni: videóupptöku, dúkkufötum og var sýnt í þröngum kútaskáp í Listaháskóla Íslands í nóvembermánuði 2018. Vídeóið er fengið beint af netinu, óbreytt og var látið ganga í samfelldri endurtekningu á litlu túbúsjónvarpi og dúkkufötunum dreift um gólfið.⁶⁸ Vídeóið sýnir leikfangaapa með handskrifuðum texta á enninu „Kill me,“ en utan myndarammans heyrir krakkarödd söngla „Jimmy, Jimmy, Jimmy, Jimmy...“ Krakkinn skellir apanum hörkulega í upptökuvélina á meðan hann tekur upp myndbandið og röddin verður stöðugt angraðri þar til krakkinn skrækir loks af öllum kröftum og vídjóið klárast. Kjarni verksins fólst í að túlka líðan barnsins og skoða áberandi streitu sem ríkir í myndbandinu. Hér er um eignarnám að ræða þar sem ég tek myndband ókunnugs barns af netinu og set í nýtt samhengi.

⁶³ „What is appropriation?“ *Khan Academy*, (Tate, 2015) <https://www.khanacademy.org/humanities/global-culture/concepts-in-art-1980-to-now/appropriation-and-ideological-critique/a/what-is-appropriation>

⁶⁴ Frank Curkovic, *Appropriation in Art: An Overview*, (Palo Alto, CA: Issuu Inc, 13. janúar 2019.) bls.19

⁶⁵ Sjá mynd 25 í viðauka.

⁶⁶ Curkovic, *Appropriation in Art*, bls.21

⁶⁷ Sjá mynd 26 í viðauka.

⁶⁸ Sjá myndir 27 og 28 í viðauka.

Lokaorð

Í þessari ritgerð hafa listir og listsköpun verið skoðaðar út frá lykilhugtökunum „samtal,“ „leikur“ og „hversdagshlutir.“ Ég hef rýnt af einlægni í eigin myndlist og reynt að staðsetja hana samhliða öðrum verkum í myndlistarsögunni. Í ljósi þess hef ég komist að því að myndlistin fjallar nærri alltaf um samtal listamanna við aðra listamenn og áhorfendur, það er að segja samfélagið. Ég hef gert mér grein fyrir að starfandi listamenn eiga það flestir sameiginlegt að spegla stöðu samtímans. Listamaðurinn tjáir eigin skoðun eða tilfinningar og reynir að virkja viðbrögð áhorfenda, hvort sem þau eru samúð eða andúð. Þannig hreyfir hann við samfélaginu og hefur áhrif á samtímann. Þarna liggur staða og tilgangur listamannsins í samfélaginu. Einnig hef ég áttað mig á, að því lengra sem líður frá upphafi listasögunnar er líklegra að tiltekið verk og hugmynd hafi nú þegar komið fram. Mikilvægara en nokkru sinni er að vita hvað áður hefur verið gert. „Það geta ekki allir fundið upp hjólið“ – en maður getur alltaf bætt einhverju við, segi ég. Umhugsunarvert er hvernig listin hefur færst frá umfjöllun um hinn ytri heim í varanlegum listaverkum fortíðarinnar eins og landslagsmyndum og marmarstyttum, í það að fjalla um listina sjálfa með stanslausum tilvísunum í verk annarra listamanna. Af því mætti álykta að listin væri orðin algjörlega sjálfhverf og hefði týnt þeim tilgangi sínum að spegla og hafa áhrif á samfélagið. Sjálfumyndasería Richard Prince, *New Portraits*, sem rædd var hér framar, sannar þó að svo er alls ekki. Listamaðurinn endurspeglar þar sjálfhverfu samfélagsins, sem er ríkjandi á okkar tímum, en ekki sjálfhverfu myndlistarinnar. Listin er enn virk og sjálfri sér samkvæm.

Umfjöllun ritgerðarinnar hefur rótað upp hjá mér hugmyndum sem munu nýtast við gerð útskriftarverks míns úr Listaháskóla Íslands vorið 2021. Hugtökin „samtal,“ „leikur“ og „hversdagshlutir“ munu þar spila stórt hlutverk. Einnig mun ég hafa til hliðsjónar þær lykilaðferðir sem ég hef fjallað um, notkun matar sem efniviðar, fundið efni og eignarnám. Ég sé fyrir mér að vinna út frá hugmynd um „tungl“ í eins konar framhaldi af útskriftarverki mínu úr Myndlistaskólanum í Reykjavík, *Epli*, sem ég fjallaði um í upphafi þessarar ritgerðar.

Heimildaskrá

Prentaðar heimildir:

Arnason, H. H. *History of Modern Art*. 5. útg. New York: Harry N. Abrams, 1983.

Clayson, Alan, Barb Jungo og Robb Johnson. *WOMAN: The Incredible Life Of Yoko Ono*. New Malden, Surrey: Chrome Dreams, 2004.

Grosenick, Uta og Burkhard Reimschneider. *ART NOW: Artists at the Rise of the New Millennium*. Taschen, 1991.

Hunter, Sam. *Robert Rauschenberg*. 300 Park Avenue South, New York: Rizzoli International Publications, Inc., 1999.

Janson, H. W. og Anthony F. Janson. *A Basic History of Art*. 4 útg. New York: Harry N. Abrams, 1992.

Krauss, Rosalind. „Sculpture in the Expanded Field.“ Í *The Anti-Aesthetic: Essays on Postmodern Culture*, Hal Foster ritstýrði, 31-44. Port Townsend, Washington: Bay Press, 1983.

Mink, Janis. *Duchamp*. Köln: Taschen, 2013.

Nochlin, Linda. "Why Have There Been No Great Women Artists?" Í *Women, Art, and Power and Other Essays*. Boulder: Icon, 1988.

Roth, Dieter. *Roth Time: a Dieter Roth retrospective*. The Museum of Modern Art, 2004.

Tomkins, Calvin. *Duschamp: A Biography*. 2. útg. New York: Henry Holt and Company Inc., 1998.

Vefheimildir:

Cain, Abigail. „Why Robert Rauschenberg Erased a de Kooning.“ *Artsy*, 17. júlí 2017. Sótt þann 10. janúar 2021 af <https://www.artsy.net/article/artsy-editorial-robert-rauschenberg-erased-de-kooning>

Cascone, Sarah. „Maurizio Cattelan Is Taping Bananas to a Wall at Art Basel Miami Beach and Selling Them for \$120,000 Each: "The banana," explains the artist, "is supposed to be a banana."“ *Artnet News*, 4. desember 2019. Sótt þann 6. janúar 2021 af <https://news.artnet.com/market/maurizio-cattelan-banana-art-basel-miami-beach-1722516>

Jansen, Bert. *More About Duchamp's Wordplay*, 2016. DOI:10.18352/relief.924. Sótt þann 9. janúar 2021.

Höfundur óþekktur. „About Kaarina.“ *Kaarina Kaikkonen*. Sótt þann 11. janúar 2021 af <https://kaarinakaikkonen.fi/about>

Höfundur óþekktur. *ARTIST ROOM: Jeff Koons Resource Pack*. Tate, 2008. Sótt af google þann 9. janúar 2021.

Höfundur óþekktur. „Eat Art: Joseph Beuys, Dieter Roth, Sonja Alhäuser.“ *Harvard Art Museum*, 4. október 2001. Sótt þann 10. janúar 2021 af <https://harvardartmuseums.org/exhibitions/2564/eat-art-joseph-beuys-dieter-roth-sonja-alhauser>

Höfundur óþekktur. „Found Object.“ *Tate*. Sótt þann 8. janúar 2021 af <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/f/found-object>

Höfundur óþekktur. „Hildigunnur Birgisdóttir.“ *Ljósabasar*. Nýlistasafnið, 2021. Sótt þann 11. janúar 2021 af <https://ljosabasar.nylo.is/collections/hildigunnur-birgisdottir>

Höfundur óþekktur. „Readymade.“ *Tate*. Sótt þann 8. janúar 2021 af <https://www.tate.org.uk/art/art-terms/r/readymade>

Höfundur óþekktur. „Yoko Ono – This is just an apple.“ *Public Delivery*, 3. október 2017. Sótt þann 21. nóvember 2020 af <https://publicdelivery.org/yoko-ono-apple/>

Höfundur óþekktur. „What is appropriation?“ *Khan Academy*. Tate, 2015. Sótt þann 8. janúar 2021 af <https://www.khanacademy.org/humanities/global-culture/concepts-in-art-1980-to-now/appropriation-and-ideological-critique/a/what-is-appropriation>

Höfundur óþekktur. „Willem de Kooning.“ *Artsy*. Sótt þann 12. janúar 2021 af <https://www.artsy.net/artist/willem-de-kooning>

Smee, Sebastian. „Don’t ask if the duct-tape banana is art. Ask if it’s any good.“ *The Washington Post*, 12. desember 2019. Sótt þann 6. janúar 2021 af https://www.washingtonpost.com/entertainment/museums/dont-ask-if-the-duct-tape-banana-is-art-ask-if-its-any-good/2019/12/12/87501392-1c5c-11ea-b4c1-fd0d91b60d9e_story.html

Sierzputowski, Kate. „Recycled Shirts and Ski Equipment Take on Sculptural Dimensions in Layered Works by Kaarina Kaikkonen.“ *Colossal*, 4. febrúar 2019. Sótt þann 11. janúar 2021 af <https://www.thisiscolossal.com/2019/02/upcycled-sculptures-by-kaarina-kaikkonen/>.

Pórey Sif Brink. *Sigurður Guðmundsson: Sviðsetningar og textar í ljósmyndaverkinu Situations*. Reykjavík: Háskóli Íslands, janúar 2015. Sótt þann 10. janúar 2021 af <https://skemman.is/bitstream/1946/20384/1/BA%20%C3%9E%C3%B3rey.pdf>

Viðtöl:

Bergsteinn Sigurðsson. „Fánýtir hversdagshlutir eða fokdýr listaverk?“ *RÚV*, 26. febrúar 2019. Sótt þann 11. janúar 2021 af <https://www.ruv.is/frett/fanytir-hversdagshlutir-eda-fokdyr-listaverk>.

Guðrún Sóley Gestsdóttir. „Torf, vaxmyndir og endurreisnarmaður úr súkkulaði.“ *RÚV*, 23. nóvember 2019. Sótt þann 27. nóvember 2020 af <https://www.ruv.is/frett/torf-vaxmyndir-og-endurreisnarmadur-ur-sukkuladi>

Hoffman, Jordan. „‘It is something deeper’: David Datuna on why he ate the \$120,000 banana.“ *The Guardian*, 11. Desember 2019. Sótt þann 10. janúar 2021 af <https://www.theguardian.com/artanddesign/2019/dec/11/david-datuna-120000-banana-interview-art-basel-miami>

Annað:

Aliyah. *Quotes Book: Quotes by Pablo Picasso*. Amazon Kindle, 15. desember 2019. Sótt þann 10. janúar 2021 af https://www.amazon.in/kindle/dp/B082SSDTKZ/ref=rdr_kindle_ext_eos_detail

„Auglýsing: SS Pylsur teiknaðar (Sláturfélag Suðurlands).“ Myndband, 0:22. Sótt þann 23. nóvember 2020 af https://www.youtube.com/watch?v=If3OVZvUxk&ab_channel=Barnat%C3%ADminn

Beram, Nell og Carolyn Boriss-Krimsky. *Yoko Ono: Collector of Skies*. New York: Abrams, 2013. Sótt þann 10. nóvember 2021 <https://www.worldcat.org/title/yoko-ono-collector-of-skies/oclc/1038786565>

Curkovic, Frank. *Appropriation in Art: An Overview*. Palo Alto, CA: Issuu Inc, 13. janúar 2019. Sótt þann 10. janúar 2021 af https://issuu.com/captcurk/docs/appropriation_in_art-an_overview-co

Höfundur óþekktur. „SS pylsan, saga.“ *SS*. Sótt þann 12. janúar 2021 af <https://www.ss.is/vorur/ss-pylsan/>

Myndaskrá

Buonarroti, Michelangelo. *Davíð*, 1501-1504.

Sótt þann 6. janúar. 2021 af https://www.boredpanda.com/michelangelo-david-close-up-photos/?utm_source=google&utm_medium=organic&utm_campaign=organic

Cattelan, Maurizio. *Comedian*, 2019. Sótt þann 10. janúar. 2021 af

<https://news.artnet.com/art-world/maurizio-cattelan-banana-explained-1732773>

Duchamp, Marcel. *Bicycle Wheel*, 1913–64. Sótt þann 10. janúar. 2021 af

<https://gagosian.com/quarterly/2014/08/15/duchamps-bicycle-wheel-timeline/>

Duchamp, Marcel. *In Advance of the Broken Arm (fourth version)*, 1964.

Sótt þann 8. janúar. 2021 af <https://www.moma.org/collection/works/105050>

Duchamp, Marcel. *Fountain*, 1917. Svarthvít filma. Sótt þann 8. janúar. 2021 af

<https://www.artsy.net/article/artsy-editorial-duchamps-urinal-changed-art-forever>

Duchamp, Marcel. *L.H.O.O.Q.*, 1919. 19.7 x 12.4 cm. Sótt þann

8. janúar. 2021 af <https://www.wikiart.org/en/marcel-duchamp/l-h-o-o-q-mona-lisa-with-moustache-1919>

Koons, Jeff. *Encased – Four Rows*. 1983-93. Sótt þann 10. janúar. 2021 af

<https://www.tate.org.uk/art/artworks/koons-encased-four-rows-ar00078>

Koons, Jeff. *New Hoover Convertibles, Green, Red, Brown, New Shelton Wet/Dry 10 Gallon Displaced Doubledecker*, 1981–7. Sótt þann 10. janúar. 2021 af

<https://www.tate.org.uk/art/artworks/koons-new-hoover-convertibles-green-red-brown-new-shelton-wet-dry-10-gallon-displaced-ar00077>

Koons, Jeff. *(L-R) Balloon Swan (Blue), Ballon Monkey (Red), Balloon Rabbit (Yellow)*, 2013.

Sótt þann 12. janúar. 2021 af <https://newsfeed.time.com/2013/11/14/an-orange-balloon-dog-sold-for-58-4-million-so-here-are-10-cool-jeff-koons-balloon-pieces/>

Levine, Sherrie. *After Walker Evans:4*, 1981. Sótt þann 10. janúar. 2021 af

<https://medium.com/artbloc/how-appropriation-killed-modernism-42fe7a4cb458>

Magritte, René. *This is Not a Pipe*, 1929.

Sótt þann 10. janúar. 2021 af <https://publicdelivery.org/magritte-not-a-pipe/>

Mio Storåsen Högnason. *Bless Bless*, 2018.

Mio Storåsen Högnason. *Epli*, 2018.

Mio Storåsen Högnason. *Epli*, 2018. Mynd tekin 2020.

Mio Storåsen Högnason. *Íslendingar elska SS*, 2018.

Mio Storåsen Högnason. *Jimmy, Jimmy, Jimmy. Jimmy, Jimmy, Kill me*, 2018. – nr.1

Mio Storåsen Högnason. *Jimmy, Jimmy, Jimmy. Jimmy, Jimmy, Kill me*, 2018. – nr.2

Mio Storåsen Högnason. *One day you'll be okay, I promise*, 2020. – Inngangur

Mio Storåsen Högnason. *One day you'll be okay, I promise*, 2020. – Innan í

Mio Storåsen Högnason. *The Artist*, 2020.

Mio Storåsen Högnason. *Vandaður Vöndur*, 2020.

Ono, Yoko. *Apple - Bronze Age*, 1988. Sótt þann 6. janúar. 2021 af <https://www.bukowskis.com/en/auctions/615/117-yoko-ono-apple>

Ono, Yoko. *Apple*, 1966. 114.3 x 17 x 17.6 cm. Sótt þann 21. nóvember. 2020 af <https://publicdelivery.org/yoko-ono-apple/>

Ólöf Nordal. *Corpus dulcis*, 1998. Sótt þann 6. janúar. 2021 af <https://listasafnreykjavikur.is/syningar/olof-nordal-ungl>

Prince, Richard. *New Portraits*, 2014. Sótt þann 12. janúar. 2021 af <https://www.widewalls.ch/magazine/richard-prince-copyright-violation>

Rauschenberg, Robert. *Erased de Kooning Drawing*, 1953. Sótt þann 8. janúar. 2021 af <https://www.sfmoma.org/artwork/98.298/>

Roth, Dieter. *Literature Sausage (Literaturwurst)*, 1969. Sótt þann 8. janúar. 2021 af <https://www.moma.org/collection/works/141853>

Sigurður Guðmundsson. *Mountain*, 1980 – 1982. Svarthvít filma, 82.8 x 104.8 cm. Sótt þann 8. janúar 2021 af <https://i8.is/artists/30-sigurur-gumundsson/works/7152/>

Viðauki


Myndirnar birtast í þeirri röð sem þær koma fram í textanum.



Mynd 1: Mio Storåsen Högnason. *Epli*, 2018.



Mynd 2: Mio Storåsen Högnason. *Epli*, 2018.
Mynd tekin 2020.



Mynd 3: Yoko Ono, *Apple*, 1966.
Ljós. John Wisniewski.




Mynd 4: Yoko Ono, *Apple - Bronze Age*, 1988.



Mynd 5: Dieter Roth. *Literature Sausage (Literaturwurst)*, 1969.



Mynd 6: Sigurður Guðmundsson. *Mountain*, 1980 – 1982.



Mynd 7: Maurizio Cattelan, *Comedian*, 2019.
Ljós. Sarah Cascone.




Mynd 8: René Magritte, *This is Not a Pipe*, 1929.
Ljós. Thomas Hawk.



Mynd 9: Marcel Duchamp, *In Advance of the Broken Arm* (fourth version), 1964.



Mynd 10: Marcel Duchamp, *Fountain*, 1917.
Ljósmynd. Alfred Stieglitz.



Mynd 11: Marcel Duchamp. *L.H.O.O.Q.*, 1919.



Mynd 12: Mio Storåsen Högnason. *The Artist*, 2020.



Mynd 13: Mio Storåsen Högnason. *Vandaður Vöndur*, 2020.



Mynd 14: Ólöf Nordal, *Corpus dulcis*, 1998.



Mynd 15: Michelangelo Buonarroti, *David*, 1501-1504. Endurreisnarstyttu.
Ljósm. Miguel Hermoso Cuesta.



Mynd 16: Robert Rauschenberg.
Erased de Kooning Drawing, 1953.



Mynd 17: Marcel Duchamp,
Bicycle Wheel, 1913–64.
Ljós. Rob McKeever.



Mynd 18: Jeff Koons, (L-R) *Balloon Swan (Blue)*, *Balloon Monkey (Red)*, *Balloon Rabbit (Yellow)*, 2013.
Ljós. Timothy A. Clary.



Mynd 19: Jeff Koons, *New Hoover Convertibles, Green, Red, Brown, New Shelton Wet/Dry 10 Gallon Displaced Doubledecker*, 1981–7.



Mynd 20: Jeff Koons, *Encased - Four Rows*, 1983–93.




Mynd 21: Mio Storåsen Högnason, *Bless Bless*, 2018.




Mynd 22: Mio Storåsen Högnason, *One day you'll be okay, I promise*, 2020. – Inngangur




Mynd 23: Mio Storåsen Högnason. *One day you'll be okay, I promise*, 2020. – Innan í



Mynd 24: Mio Storåsen Högnason. *Íslendingar elska SS*, 2018.




Walker Evans
Alabama Tenant Farmer Wife, 1936
Gelatin silver print




Sherrie Levine
After Walker Evans 1981

Mynd 25: Sherrie Levine, *After Walker Evans*, 1981. – Myndir til samanburðar.



Mynd 26: Richard Prince, *New Portraits*, 2014.

Ljósm. Robert McKeever.



Mynd 27: Mio Storåsen Högnason, *Jimmy, Jimmy, Jimmy. Jimmy, Jimmy, Kill me*, 2018. – nr.1



Mynd 28: Mio Storåsen Högnason, *Jimmy, Jimmy, Jimmy. Jimmy, Jimmy, Kill me*, 2018. – nr.2